

3. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 21. feb.
1989 kl. 16.00

Mættir voru Kári Arnórsson, Sigurður Hallmarsson, Jón Bergsson, Gunnar B. Gunnarsson, Elísabet Þórólfssd. og Kristbjörg Eyvindsd. Skúli Ö. Kristjánsson, Sigfús Guðmundsson.

Kári setti fund og bauð gesti velkomna. Hann bauð Pétri Jökli fyrst orðið.

Pétur upplýsti hvernig stæði með íþróttahreyfinguna sem nú væri skipuð hátt í 4.000 hestaíþróttam. Næsti fundur verður 7. mars. Sambandsþing í.S.Í. verður seinni hluta maí og þarf þá að vera fyrir hendi formleg afstaða deildanna. Hestaíþróttunum hefur væxið mjög fiskur um hrygg en deildirnar eru nú orðnar 29.

Evrópumótið: Nefnd á vegum íþróttaráðs hefur verið skipuð. Valdir verða 7 hestar og knapar. Nefndin hefur haldið einn fund. Úrtakan í Mosfellsbæ. Úrtakan verður 7-8. júlí Mótið verður 16.-20. ág. í Århus.

Verkefni deildar f. íþróttadeildir er að afla gagna og semja lög fyrir deildirnar, sagði Kári, sem tók til máls á eftir Pétri Jökli.

Sigfús spurði, hvort ekki væri hugsanlegt að hafa áhrif á móttíma Evrópumóts til seinkunnar. Það mundi rýmka fyrir móturnum hér heima. Ísl. móti í hestaíþróttum má ekki þurfa að rekast á neitt móti.

Pétur Jökull svaraði því til að á aðalfundi FEIF hefði hann rakið það, að úrtakan mætti ekki fara fram á háannatíma hrossaræktenda. Tillaga kom frá Finnlandi um að Evrópu-mótin yrðu í júlí til þess að nem. og kennrarar gætu tekið þátt. Skólar byrja þar fyrr en hér. Tillagan var dregin til baka vegna óska frá Íslandi.

Elísabet sagði að e.t.v. væri hægt að svæðisflokkum mótin. Sigfús sagði, að þetta hefði verið reynt, en ákvárdanir bærust svolítið seint frá sumum félögum.

Frá dómarafel. - sýningarnefndunum.: Skúli Kristjánsson byrjaði á að lýsa því yfir að f.h. L.H. væru þeir sármóðgaðir vegna þess að dómarrar sýningarnefndarinnar frá L.H. hefðu verið sniðgengnir við samninga á nýju dómskerfi f. kynbótahross. Skúli vildi að þessar tillögur yrðu skoðaðar rækilega. Þeir sem ætlast væri til að sampa. svona veigamiklar breytingar á dómskerfum væri gefinn kostur á að sjá þær með þar til nægum fyrirvara.

Jóhann Þorsteinsson sagði, að ýmsir annmarkar væru á því hvenær dómum væri lokað og ekki ætti það að batna með þeim drögum sem þeir hafa fengið.

Kári sagði, að áriðandi væri að okkar fulltrúar í sýningarnefnd fengju allir að vinna með frá upphafi. Þeir yrðu að sitja við sama borð og aðrir í nefndinni.

Gunnar vildi að við reyndum að skoða þetta plagg í samstarfi, gagnrýnli hvernig að úrtaki fyrir landsmót hefur verið staðið að undanförnu. Kristbjörg tók undir þá gagnrýni, "okkar menn" hefðu komið seint inn í umræðurnar. En vitað er að hraða þarf málinu.

Kári vildi að reynt yrði að koma saman hið fyrsta - Jón Bergsson sagði þetta það mikið mál, að við ættum að fá formann sýningarnefndar til að fresta málinu fram yfir næsta stjórnarfund og fundur okkar yrði þá vinnufundur um þetta plagg.

Stefnt er á vinnufund 14. mars kl. 09.00

Reiðhöllin: Reikn. standa illa. Heildarskuldir losa 90 millj. en skammtímaskuldir 34 millj.

Nefnt er að selja 1/4 af höllinni, en ekki hefur um það verið tekin ákvörðun. Samp. er að reyna að auka hlutafé. Gísli B. Björnsson baðst undan því að vera fulltrúi í stjórn reiðhallar. Í hans stað fór Kári í stjórnina.

Gunnar taldi stöðuna mjög alvarlega og þetta vera nánast tapað spil.

Skúli kom inn á aðalfundinn og nefndi ýmsar hugmyndir sem höfðu komið þar fram. All nokkrar umræður urðu um ýmis atriði.

Ráðning starfsfólks. Ingibjörg Magnúsdóttir hefur verið ráðin á skrifstofu til aðstoðar Hjalta. Björg Einarsdóttir hefur verið ráðin til Hestsins Okkar í 4 mánuði. Kári gat um ýmis verkefni sem fyrir liggja varðandi ritnefndina. Björg er launuð af bættri innheimtu að sögn formanns, en komið hefur verið á bættu skipulagi víðs vegar um land, með því að fá innheimtumenn, og fá fólk til að samþykka krítarkortagreiðslur. Báðar konurnar eru komnar til starfa.

Undirbúningur landsmóts '90.

Skúli skýrði frá gangi mála, en fundur var síðast haldinn í júní '88. Las hann fundargerð þessa fundar og vísast til hennar um efni. Mótið verður haldið 4.-8. júlí 1990.

Stefnt er að öðrum fundi bráðlega. Skúli lýsti svo ýmsum framkvæmdum, sem þarf að gera, en þær eru aðallega endurbætur á sýningarvöllum og stækkan stóðhestahúss.

Formaður taldi nauðsynlegt að stjórnin færi að fá í hendur hugmyndir að framkvæmdum og heildarmynd staðarins til að hægt sé að mynda sér skoðun um það, hvort aðstaða sé fullnægjandi. Sigurður ræddi um horfur í Eyjafirði, en einhver hreyfing virðist vera á málum þar.

Skógreiðardagur hestamanna. Hjalti las hugmynd sem Ólafur H. Torfason hafði samið að ósk Hjalta. Skv. hugmyndinni yfir skógreiðarlagur hestamanna 10. júní þar sem fylkingar hestamanna víðsvegar um land færu til skógræktarreita og legðu sitt að mörkum við uppgræðslu og umhverfisfegrún.

Þetta yrði gert til að minnast 40 ára afmælis L.H. Sigurður kvaðst fagna þessari hugmynd því að nauðsynlegt væri að vera aðili að umhverfishreyfingu og hafa þannig frumkvæði að ekki yrði fram hjá hestamönum gengið. Elísabet tók undir þetta og taldi kjörið að menn létu til sín taka á þessu sviði.

Aðrir fundarmenn voru þessu sammála og taldi Kristbjörg nauðsynlegt að skipa nefnd í málið og fara að starfa strax. Þá var rætt um möguleika að fá Ólaf Torfason til að sjá um fjölmíðlatengsl. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að finna fólk í þessa nefnd.

Kári skýrði auk þess frá ýmsu sem hann hefur haft sam-skipti um við fjölmíðla.

Ýmis félagsmál. Sigurður nefndi, að hann hefði farið á fund hjá Þjálfu og þar kvörtuðu menn undan vegagerð einkum hvað varðar lengd ræsa. Guðmundur minntist á mál er varðar reiðleið til Þingvalla í Stíflisdal. Var þetta rætt nokkuð.

Skógarhólar. Hjalti upplýsti að herbergjaleiga yrði 2.400 kr. og hestabœit pr. dag 200 kr. Pantanir eru farnar að koma inn nú þegar. Varðandi nefnd um Skógarhóla kom það fram að Baldur Jónsson fór á spítala og liggur það mál í láginni. Þá hefur komið fram, að heimild hefur fengist fyrir litlu hólfu í Víðikerum. Hafliði Gíslason hefur boðið sig til gæslustarfa næsta sumar. Elisabet kom inn á mannaráðningu og ýmsa kosti sem starfsmanninn þurfa að prýða.

Gunnar taldi að fá þyrfti í þetta mann, sem lítið væri tengdur hestamennsku og taldi hann að honum sýndist, að þetta væri eins manns varsla. Sigfús tók undir þetta og gerði vinnubrögð gæslumanns að umtalsefni, og hvernig þau þyrftu að vera. Fleiri tóku þátt í þessari umræðu. Ráðningin er ófrágengin.

Aukablað að Hestinum Okkar: Hjalti sagði að þetta þokaðist. Efni er mikið til komið en auglýsingar eru frekar þungar. Stefnt er að, að hafa blaðið tilbúið ca. 15. mars.

Jóreykur, þ.e. fréttabréf til formanna verður gefið út.

Formaður ræddi um heimsóknir í félög. Lítið hefur verið hugað að þessu, enda tíðarfari erfitt. Menn ræddu þetta nokkuð og kom Gunnar með þá hugmynd að slíkir fundir væru haldnir sérstaklega e.t.v. fyrir stærri svæði. Formaður kom með þá tillögu, að auglýstur væri fundur ásamt Félagi hrossabænda, þar sem hægt væri að ræða ýmis mál sem mönnum liggur á hjarta.

Önnur mál: Kristbjörg ræddi samskipti við bændaskólana og kemur fræðslunefnd inn í það mál. Óskaði hún eftir aðstoð stjórnar við þett, var það samþykkt.

Formaður tilnefndi Gunnar, Kristbjörgu, Elisabetu og Sigurð til aðstoðar þessu máli.

Skúli gat þess að innan bændaskólanna væru starfandi hestamannafélög og nefndi hann það hvort ekki væri æskilegt að koma á fundi hjá þeim.

Sigurður taldi jákvætt að stjórn léti heyra í sér um þau tímamót, að hestamennska var gerð að valgrein við grunnskóla. Var samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að vekja athygli á þessu, verður Sigurður þeim til fulltingis.

Guðmundur Jónsson
fundarritari.

Kári Arnórsson.

Sigurður Hallmarsson

Gunnar B. Gunnarsson

Kristbjörg Eyyvindsdóttir

Elísabet Þórólfssdóttir.

Skúli Ö. Kristjónsson.

Sigfús Guðmundsson.

Jón Bergsson.